

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2016/EES/33/01		Mál höfðað 23. október 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-25/15)	1
2016/EES/33/02		Mál höfðað 16. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-30/15)	2
2016/EES/33/03		Mál höfðað 17. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-31/15)	2
2016/EES/33/04		Mál höfðað 17. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu Liechtenstein (Mál E-32/15)	3
2016/EES/33/05		Mál höfðað 17. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-33/15)	4
2016/EES/33/06		Mál höfðað 17. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi (Mál E-34/15)	4
2016/EES/33/07		Mál höfðað 22. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Konungsríkinu Noregi (Mál E-35/15)	5
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2016/EES/33/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7815 – Bouygues Group/ ADP/Meridiam/Ravinale Airports) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2016/EES/33/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7947 Banco Santander Totta/BANIF)	8

2016/EES/33/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8053 – AVIVA/Group CM-11/Office Building) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2016/EES/33/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8070 – Bancopopular-E/Assets of Barclays Bank) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2016/EES/33/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8079 - RPC Group/British Polythene Industries) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2016/EES/33/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7786 – Visa Inc/Visa Europe)	12
2016/EES/33/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7904 – Bekaert/OTPP/Bridon Bekaert Ropes JV)	12
2016/EES/33/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7910 – Kesko/Onninen)	13
2016/EES/33/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7956 – Johnson Controls/Tyco International)	13
2016/EES/33/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7968 – EQT Services UK/Kuoni Travel Holding)	14
2016/EES/33/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7983 – Danish Crown/SPF-Danmark)	14
2016/EES/33/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7987 – Towerbrook Capital Partners/Infopro Digital)	15
2016/EES/33/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7999 – Hearst Corporation/Advance Publications/JV)	15
2016/EES/33/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8012 – HAL Investments/Coolblue)	16
2016/EES/33/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8013 – Pitpont/Primagaz/Pitpoint.LNG JV)	16
2016/EES/33/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8021 – Bridgepoint/Summit Partners/Calypso Technology)	17
2016/EES/33/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8022 – KKR/Airbus Defence Electronics)	17
2016/EES/33/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8026 – Banco Bilbao Vizcaya/Argentaria Colombia/RCI/Banque/JV)	18
2016/EES/33/26	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8028 – Fairfax Financial Holdings/OPG Commercial Holdings/Eurolife ERB Insurance Group Holding)	18
2016/EES/33/27	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8029 – KNB/Mitsui/DVHP/Davita)	19

2016/EES/33/28	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8031 – 3i Group/Wood Creek/Wireless Infrastructure Group)	19
2016/EES/33/29	Tilkynning frá stjórnvöldum á Ítalíu um beitingu 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1008/2008 um reglur um hvernig umferð er dreift milli flugvallanna Milano Malpensa, Milano Linate og Orio al Serio (Bergamo)	20
2016/EES/33/30	Orðsending þróunarmálaráðherra Ungverjalands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Auglýst eftir tilboðum í sérleyfi	21
2016/EES/33/31	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	21
2016/EES/33/32	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (<i>Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla í fjerstu 27 í XVII. viðauka við REACH</i>)	22

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Mál höfðað 23. október 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi

2016/EES/33/01

(Mál E-25/15)

Hinn 23. október 2015 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Carsten Zatschler, Markus Schneider og Clémence Perrin, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að endurheimta frá viðtakendum, innan tilskilins tíma, ríkisaðstoð, sem var lýst ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins skv. 2., 3., 4. og 5. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 404/14/COL frá 8. október 2014 um hvatakerfi fyrir fjárfestingar á Íslandi, með því að láta hjá líða að fella niður, innan tilskilins tíma, allar útistandandi greiðslur sem um getur í 7. gr. þeirrar ákvörðunar, og með því að láta hjá líða að afhenda Eftirlitsstofnun EFTA, innan tilskilins tíma, allar upplýsingar sem koma fram í 8. gr. þeirrar ákvörðunar, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. mgr. 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-ríkja um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og 6., 7. og 8. gr. ákvörðunar nr. 404/14/COL.
2. Íslenska ríkið beri málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar, sem koma fram í ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 404/14/COL frá 8. október 2014 um hvatakerfi fyrir fjárfestingar á Íslandi („endurgreiðsluákvörðunin“ eða „ákvörðunin“).
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að í endurgreiðsluákvörðuninni hafi hún m.a. komist að þeirri niðurstöðu að fimm fjárfestingarsamningar sem Ísland hafi gert við félög hafi falið í sér nýja ríkisaðstoð sem sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að ákvæði 6. gr. endurgreiðsluákvörðunarinnar skuldbindi Íslandi til að gera ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að endurheimta frá aðstoðarþegum þá ólöglegu ríkisaðstoð sem um getur í 2., 3., 4. og 5. gr. ákvörðunarinnar.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að þriðji málsliður 7. gr. endurgreiðsluákvörðunarinnar leggi þá skyldu á herðar Íslandi að fella niður allar útistandandi greiðslur aðstoðarinnar frá þeim degi þegar ákvörðunin var tilkynnt, þ.e. frá og með 8. október 2014.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur enn fremur fram að samkvæmt 8. gr. endurgreiðsluákvörðunarinnar hafi Ísland verið skuldbundið til að veita eftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem koma fram í fyrrnefndri grein í síðasta lagi 9. desember 2014.

Mál höfðað 16. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**2016/EES/33/02****(Mál E-30/15)**

Hinn 16. desember 2015 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Carsten Zatschler, Clémence Perrin og Marlene Lie Hakkebo, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 15q í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB frá 8. júní 2011 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum að því er varðar að koma í veg fyrir ólöglega innkomu faldra lyfja í löglega aðfangakeðju), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. samningsins, með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög, eða hvað sem öðru líður, látið hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA þar um.
2. Ísland greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Í stefnunni kemur fram að Ísland hafi ekki, fyrir 14. mars 2015, farið að rökstuddu álitni Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. janúar 2015 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB frá 8. júní 2011 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum að því er varðar að koma í veg fyrir ólöglega innkomu faldra lyfja í löglega aðfangakeðju*, sem um getur í lið 15q í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn („gerðina“).
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög innan tilskilins tíma.

Mál höfðað 17. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**2016/EES/33/03****(Mál E-31/15)**

Hinn 17. desember 2015 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvari eru Carsten Zatschler, Øyvind Bø og Íris Ísberg, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 9f í XVII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. samningsins, með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög, eða hvað sem öðru líður, látið hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA þar um.
2. Ísland greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsvæðing og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Í stefnunni kemur fram að Ísland hafi ekki, fyrir 8. júní 2015, farið að rökstuddu álitum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 8. apríl 2015 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda*, sem um getur í lið 9f í XVII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn („gerðina“)
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög innan tilskilins tíma.

**Mál höfðað 17. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Furstadæminu
Liechtenstein
(Mál E-32/15)**

2016/EES/33/04

Hinn 17. desember 2015 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Furstadæminu Liechtenstein; í fyrirsvári eru Carsten Zatschler, Øyvind Bø og Marlene Lie Hakkebo, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Furstadæmið Liechtenstein hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðunum sem um getur í lið 24f í VIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið:
 - *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskirteini*, og
 - *tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/94/ESB frá 28. nóvember 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskirteini*
 - *tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/36/ESB frá 19. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskirteini*,

með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, samkvæmt 7. gr. EES-samningsins, með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðirnar upp í lög innan tilskilins tíma, eða hvað sem öðru líður látið hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA þar um.

2. Liechtenstein greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsvæðing og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Í stefnunni kemur fram að Furstadæmið Liechtenstein hafi ekki, fyrir 24. ágúst 2015, farið að rökstuddu álitum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 24. júní 2015 um að hafa látið hjá líða að taka upp í landslög *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskirteini*, ásamt
- *tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/94/ESB frá 28. nóvember 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskirteini*, og
- *tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/36/ESB frá 19. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskirteini*, sem um getur í lið 24f í VIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn („gerðina“).
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Liechtenstein hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðirnar upp í lög innan tilskilins tíma.

Mál höfðað 17. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**2016/EES/33/05****(Mál E-33/15)**

Hinn 17. desember 2015 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvári eru Carsten Zatschler, Clémence Perrin og Íris Ísberg, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 15q í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/26/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB að því er varðar lyfjagát), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. samningsins, með því að setja ekki, innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög, eða hvað sem öðru líður, látið hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA þar um.
2. Ísland greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Í stefnunni kemur fram að Ísland hafi ekki, fyrir 14. mars 2015, farið að rökstuddu álitni Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. janúar 2015 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/26/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB að því er varðar lyfjagát*, sem um getur í lið 15q í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn („gerðina“).
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög innan tilskilins tíma.

Mál höfðað 17. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Íslandi**2016/EES/33/06****(Mál E-34/15)**

Hinn 17. desember 2015 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Íslandi; í fyrirsvári eru Carsten Zatschler, Øyvind Bø og Íris Ísberg, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 1a í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/46/ESB frá 6. desember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins, með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í íslensk lög, innan tilskilins tíma, eða hvað sem öðru líður, að hafa látið hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA þar um.
2. Ísland greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Í stefnunni kemur fram að Ísland hafi ekki, fyrir 13. júlí 2015, farið að rökstuddu álitum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 13. maí 2015 um að hafa látið hjá líða að taka upp í íslensk lög *tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/46/ESB frá 6. desember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum*, sem um getur í lið 1a í XXIV. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn („gerðina“).
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og samkvæmt 7. gr. EES-samningsins með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til að taka gerðina upp í lög innan tilskilins tíma.

**Mál höfðað 22. desember 2015 af Eftirlitsstofnun EFTA á hendur Konungsríkinu
Noregi**

2016/EES/33/07

(Mál E-35/15)

Hinn 22. desember 2015 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólum á hendur Konungsríkinu Noregi; í fyrirsvari eru Carsten Zatschler, Markus Schneider og Øyvind Bø, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að Konungsríkið Noregur hafi vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 56i í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum) innan tilskilins tíma með því að
 - a. þróa ekki og koma ekki á fót viðeigandi áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs í hverri höfn í Noregi, eins og krafa er gerð um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2000/59/EB,
 - b. meta ekki og viðurkenna ekki áætlanir um móttöku og meðhöndlun úrgangs fyrir allar hafnir í Noregi, fylgjast ekki með framkvæmd þeirra og tryggja ekki að viðurkenningin sé endurnýjuð á a.m.k. þriggja ára fresti, eins og gerð er krafa um í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2000/59/EB, og
 - c. tryggja ekki framboð á móttökuaðstöðu í öllum höfnum í Noregi sem nægir til að fullnægja þörfum skipa sem jafnan nota viðkomandi höfn án þess að valda skipum ótilhlýðilegum töfum, eins og krafa er gerð um í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2000/59/EB.
2. Varnaraðili greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að Konungsríkið Noregur hafi ekki farið í tæka tíð að lykilskuldbindingum um vernd sjávarumhverfis samkvæmt tilskipun 2000/59/EB („tilskipunin“ eða „tilskipunin um móttökuaðstöðu í höfnum“).
- Tilskipunin leggur þá kvöð á EES-ríkin að tryggja að fullnægjandi aðstaða, þar sem unnt er að taka við úrgangi og farmleifum frá skipum, sé fyrir hendi í öllum höfnum þeirra og að þróa og koma á fót áætlunum um móttöku og meðhöndlun úrgangs í hverri höfn, í því skyni að draga úr losun úrgangs og farmleifa frá skipum í sjó.
- Stjórnvöld í Noregi tilkynntu Eftirlitsstofnun EFTA 23. október 2007 að tilskipunin um móttökuaðstöðu í höfnum hefði verið tekin upp í norsk lög.

- Siglingaöryggisstofnun Evrópu framkvæmdi skoðun að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA og gaf út skýrslu 28. september 2010 þar sem m.a. kom fram að Noregur færi ekki að öllu leyti að ákvæðum tilskipunarinnar.
- Eftirlitsstofnun EFTA sendi frá sér rökstutt álit 10. júlí 2013 þar sem því var haldið fram að Noregur hefði, m.a., ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Farið var fram á það við Noreg að gerðar yrðu ráðstafanir sem væru nauðsynlegar til að fara að hinu rökstudda áliti eigi síðar en 10. september 2013.
- Eftirlitsstofnun EFTA heldur fram að á þeim degi hafi Noregur ekki staðið við skuldbindingar sínar i) um að þróa og koma á fót viðeigandi áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs í hverri höfn í Noregi, eins og krafa er gerð um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, ii) um að meta og viðurkenna áætlanir um móttöku og meðhöndlun úrgangs fyrir allar hafnir í Noregi, fylgjast með framkvæmd þeirra og tryggja að viðurkenningin sé endurnýjuð á a.m.k. þriggja ára fresti, eins og gerð er krafa um í 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, og iii) um að tryggja framboð á móttökuaðstöðu í öllum höfnum í Noregi, eins og krafa er gerð um í 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/33/08

(mál M.7815 – Bouygues Group/ADP/Meridiam/Ravinala Airports)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin Bouygues Group, Aéroports de Paris („ADP“) og Meridiam SAS („Meridiam“) öðlast í sameiningu með hlutabréfakaupum yfirráð, í skilningi, b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í fyrirtækinu Ravinala Airports (Madagaskar).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bouygues: fjölþætt iðnaðarsamstæða, starfar á sviði byggingaframkvæmda, fjarskipta og fjölmiðlunar.
 - ADP: starfar á sviði skipulagningar, rekstrar og uppbyggingar ýmissa flugvalla á Parísarsvæðinu, einkum flugvallanna Paris-Charles de Gaulle og Paris-Orly.
 - Meridiam: starfar á sviði fjárfestinga í innviðum.
 - Ravinala Airports: starfar á sviði fjármögnunar, hönnunar, uppbyggingar, rekstrar, viðhalds og þjónustu í tengslum við tvo flugvelli á Madagaskar (Ivato (Antananarivo) og Nosy Be).
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 212, 14.6.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.7815 – Bouygues Group/ADP/Meridiam/Ravinala Airports, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.7947 Banco Santander Totta/BANIF)**

2016/EES/33/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja þar sem portúgalska fyrirtækið Banco Santander Totta, S.A. („BST“), portúgalskt dótturfélag Santander Group (Spánn), öðlast í tengslum við slitaráðstöfun, sem Banco de Portugal gerði, að fullu yfirráð, í skilningi 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir eignum og skuldum portúgalska fyrirtækisins Banco Internacional do Funchal, SA („BANIF“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - BST: starfar á sviði viðskipta- og fyrirtækjabankastarfsemi, fjármögnunar og trygginga.
 - BANIF: starfar á sviði viðskipta- og fyrirtækjabankastarfsemi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 210, 11.6.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M. 7947 – Banco Santander Totta/BANIF, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8053 – AVIVA/Group CM-11/Office Building)**

2016/EES/33/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Aviva France, breskt dótturfélag AVIVA plc (hér á eftir nefnt einu nafni „Aviva“) og franska fyrirtækið Groupe des Assurances du Crédit Mutuel, sem lýtur yfirráðum franska fyrirtækisins Banque Fédérative du Crédit Mutuel' (hér á eftir nefnt einu nafni „Groupe CM-11“) (nefnast saman „aðilar“) öðlast í gegnum fyrirtæki, sem er stofnað í þeim tilgangi, í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir heilli skrifstofubyggingu á Parísarsvæðinu í Frakklandi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Aviva: Aviva France og Aviva Group, sem það ert hluti af, starfa í váttryggingageiranum.
 - Groupe CM-11: Groupe des Assurances du Crédit Mutuel starfar aðallega í tryggingageiranum (líf- og persónutryggingar).
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 210, 11.6.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8053 – AVIVA/Group CM-11/Office Building, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2016/EES/33/11****(mál M.8070 – Bancopopular-E/Assets of Barclays Bank)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júní 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Bancopopular-E S.A („E-Com“ eða „yfirmakinn“) öðlast að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir greiðslukortastarfsemi Barclays á Spáni og í Portúgal („andlag kaupanna“) frá Barclays Bank PLC („Barclays“ eða „seljandinn“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - E-Com: veitir þjónustu í tengslum við útgáfu greiðslukorta á Spáni. Það veitir einnig í minna mæli þjónustu á sviði miðlunar og sölu váttrygginga á spænskum markaði. E-Com er sameiginlegt félag sem sameiginlega lýtur yfirráðum Banco Popular og tiltekinn sjóða einkaaðila undir stjórn Värde Partners Inc. („Värde“).
 - Andlag kaupanna felur í sér greiðslukortastarfsemi Barclays í Portúgal og á Spáni sem samanstendur af útgáfu, markaðssetningu og þjónustu í tengslum við neytendalánareikninga, neytendagreiðslukort, afurðir neytendagreiðslukorta og lán í tengslum við neytendagreiðslukort. Auk þess er andlag kaupanna að mjög litlu leyti til staðar á markaðnum við veitingu váttryggingaþjónustu á Spáni og í Portúgal.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 216, 16.6.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti með tilvísuninni M.8070 – Bancopopular-E/Assets of Barclays Bank, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8079 – RPC Group/British Polythene Industries)**

2016/EES/33/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

